

Samkvæmt heimild í sömu lögum og fyrr getur, hefur samgönguráðuneytið hinn 28. maí s. l. veitt sama félagi sérleyfi til reglubundins flugs á flugleiðinni:

Reykjavík — Reykjahlið við Mývatn — Reykjavík.

Leyfið er til flutnings á farþegum, pósti og vörum.

Leyfisveiting þessi gildir til 31. desember 1977 með sömu skilyrðum og fyrr greinir.

Samgönguráðuneytið, 20. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júlí 1974.

Nr. 227.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur, húsmæðrakennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur
húsmæðrakennara, Gerðuminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning, og er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, fædda að Stað í Súgandafirði 27. september 1916, er fórst í flugslysínu mikla við Héðinsfjörð 29. maí 1947, af vandamönnum hennar og vinum. Sjóðurinn er nú 25 000 krónur — tuttugu og fimm þúsund krónur —.

2. gr.

Sjóðurinn, sem er eign Húsmæðrakennarskóla Íslands, skal vera í vörslu 5 manna sjóðstjórnar, sem jafnframt er úthlutunarnefnd. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Ragnhildur Þorvarðsdóttir, systir hinnar látnu, Ragnheiður Jónsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Kvinnaskólans í Reykjavík, Anna Gísladóttir, húsmæðrakennari, Guðrún Markúsdóttir og Þórunn Hafstein, báðar skólasystur Þorgerðar.

Síðar skipi stjórn sjóðsins, sem hér segir, í stað fyrstu sjóðstjórnar jafnóðum og sæti losnar, í sömu röð og að ofan greinir:

1. Fulltrúi af ætt Þorgerðar, skipaður af menntamálaráðherra eftir tilnefningu annarra stjórnarmanna.

2. Skólastjóri Húsmæðrakennarskóla Íslands.

3. Kennari við Húsmæðrakennarskóla Íslands, kjörinn á kennarafundi í upphafi skólaárs.

4. Fulltrúi úr Nemendasambandi H. K. Í., kjörinn á aðalfundi sambandsins hverju sinni.

5. Fulltrúi úr hópi nemenda H. K. Í., kjörinn á sameiginlegum fundi nemenda í upphafi skólaárs.

Stjórnin velur sér einn varamann. Hann skal boða á hvern fund og hefur tilögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema hann taki sæti aðalmanns.

Stjórnin skal búsett í Reykjavík eða grennd.

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum, að einn er formaður, annar gjaldkeri, þriðji ritari og tveir meðstjórnendur.

3. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, er ábyrgð ríkissjóðs fylgir eða í Söfnunarsjóði Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðstjórnin árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan í Lögbirtingablaðinu eða í B-deild Stjórnartíðinda og í skýrslum Húsmæðrakennaraskólans, þegar þær eru gefnar út.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur kr. 50 000.00, þá $\frac{1}{3}$ vaxta þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 75 000.00, úr því $\frac{1}{4}$ vaxta þangað til höfuðstólinn er orðinn kr. 100 000.000, eftir það skal leggja $\frac{1}{10}$ vaxta við höfuðstólinn og má þá úthlutunarnefnd færa út starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þá fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum, sbr. 5. gr., eða eigi svo hár, sem þar getur, skulu vextir þeir, sem til útborgunar komu, en eigi var úthlutað, lagðir við höfuðstólinn.

5. gr.

Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki á að leggja við höfuðstólinn samkvæmt 4. gr., skal varið til að styrkja efnalítlar námsmeyjar Húsmæðrakennaraskóla Íslands til framhaldsnáms í húsmæðrafræðslu erlendis, enda hafi þær kynnt sig að áhuga og dugnaði við námið í skólanum. Nú sækja engar námsmeyjar skólans um styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms erlendis, og má þá verja þeim hluta vaxta sjóðsins, sem til útborgunar kemur, til þess að styrkja eina eða fleiri af stúlkum þeim, sem nám stunda í skólanum. Stúlkur, sem lokið hafa námi í Kvennaskólanum í Reykjavík og nám stunda í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skulu, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrkveitingu, hvort heldur er til framhaldsnáms erlendis eða á meðan þær stunda nám í skólanum.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni úthlutunarnefndar fyrir 20. febrúar ár hvert. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. mars hið sama ár, þegar um styrkúthlutun er að ræða. Eigi má veita sama styrkþega styrk oftari en þrisvar sinnum.

7. gr.

Sjóðinn ber að efla með framlögum frá nemendum Húsmæðrakennaraskólans. Þá má og efla hann með minningargjöfum.

8. gr.

Leggist Húsmæðrakennaraskóli Íslands niður um skemmri eða lengri tíma, skal ávaxta höfuðstól sjóðsins samkvæmt 4. gr., þangað til skólinn eða hliðstæð stöðun tekur aftur til starfa, og skal sjóðsnefnd hans annast þá ávöxtun.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 12. desember 1952, fellur úr gildi.

Reykjavík, 9. júlí 1974.